

Fjölskyldumiðuð þjónusta

„Frá fræðum til framkvæmda“

Námsstefna á Hilton Reykjavík Nordica 29. september 2008

Námstefnan er haldin af **Æfingastöð SLF** sem er einn af máttarstólpum í þjónustu við börn með sérþarfir á Íslandi. Með námstefnunni vill Æfingastöð SLF leggja sitt af mörkum í umræðu um samhæfða og markvissa þjónustu og varpa ljósi á aðferðir sem geta nýst til að tengja saman þjónustuúrræði og skapa sameiginlega sýn. Efni námsstefnunnar á því erindi til allra þeirra sem vilja bæta þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra; stjórnendur, fagaðila og foreldra.

Á námsstefnunni eru hugmyndir um **fjölskyldumiðuða þjónustu** útskýrðar og bent á leiðir til að koma hugmyndafræðinni í framkvæmd með heildstæðu þjónustulíkani sem nefnt hefur verið „*lífsparfalíkanið*“. Líkanið lýsir þeirri fjölbreyttu þjónustu sem þarf að vera til staðar til að markmið um aukna þátttöku og lífsgæði fatlaðra barna náist. Tekið er mið af mismunandi þörfum barnsins, fjölskyldunnar og samfélagsins fyrir stuðning, fræðslu og uppbyggingu á færni.

Umsjón með námstefnunni hefur **Dr. John Laporta** framkvæmdastjóri Thames Valley Children's Centre í Kanada sem hefur verið í fararbroddi í innleiðingu fjölskyldumiðuðrar þjónustu. John LaPorta hefur ferðast víða um heim og miðlað þekkingu sinni og reynslu.



Námsstefnan fer fram á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, mánudaginn 29. september 2008 og stendur frá kl. 8.30 til 16.00.

Þátttökugjald er 12.000 kr. fyrir fagfólk og 5.000 kr. fyrir foreldra barna með sérþarfir og félagsmenn í Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra. Hádegisverður og kaffiveitingar eru innifaldar.

Þátttakendur vinsamlegast skrái sig með því að senda póst á netfangið berglind@slf.is

Við skráningu þarf að koma fram: Nafn, starfsheiti og vinnustaður þátttakenda og kennitala og heimilisfang greiðenda.

Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SLF: www.slf.is eða í síma 535 0907.



**STYRKTARFÉLAG
LAMAÐRA OG FATLAÐRA
ÆFINGASTÖÐ SLF**